



SAMNINGUR UM SÁTTAMIÐLUN

1. Aðilar, sáttamiðlari og ágreiningsefni

1.1 Aðilar

_____ kt. _____ - _____

_____ kt. _____ - _____

_____ kt. _____ - _____

1.2 Sáttamiðlari

_____ kt. _____ - _____

1.3 Ágreiningsefni

2. Meginreglur um sáttamiðlun

- 2.1 Sáttamiðlun er málsmeðferð, þar sem sáttamiðlari, sem ráðinn er af aðilum, leiðir ferlið og aðstoðar þá við að finna sjálfir lausn á ágreiningi sínum og ná samkomulagi.
- 2.2 Aðilar ganga til sáttamiðlunar af fúsum og frjálsum vilja og bera sjálfir ábyrgð á niðurstöðu hennar. Aðila, eða sáttamiðlara, er ávallt heimilt að slíta sáttamiðluninni.
- 2.3 Sáttamiðlari er ekki ráðgjafi aðila í sáttamiðlun. Hann tekur hvorki afstöðu til ágreinings þeirra né hefur það hlutverk að útkljá hann.

3. Hlutleysi, óhlutdrægni og sjálfstæði

- 3.1 Sáttamiðlari skal vera hlutlaus, óhlutdrægur og sjálfstæður. Honum ber að stuðla að jafnræði með aðilum og sýna þeim virðingu.



SAMNINGUR UM SÁTTAMIÐLUN

3.2 Sáttamiðlari lýsir því yfir, að hann er algjörlega óháður aðilum í sáttamiðlun þessari. Hann hefur aldrei aðstoðað þá, eða á annan hátt verið í slíku sambandi við þá, að með nokkrum rétti megi draga í efa hlutleysi hans.

4. Trúnaður

4.1 Allir þátttakendur eru bundnir trúnaði um allt það sem fram kemur í sáttamiðluninni. Enginn má láta öðrum í té trúnaðarupplýsingar, sem fram koma á sáttafundum og ekki eru komnar frá honum sjálfum, nema slík upplýsingagjöf byggist á lögum. Þetta gildir einnig í málaferlum sem síðar kann að koma til. Þó getur komið til þess síðar, skv. 10. kafla laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, að skylt verði að leggja fram fyrir rétti skjöl, á grundvelli upplýsinga, sem fram komu í sáttamiðlun.

4.2 Framvinda sáttamiðlunar er hvorki skrásett né skýrsla gerð.

5. Ferli sáttamiðlunar

5.1 Sáttamiðlun hefst á því að aðilar og sáttamaður undirrita þennan samning.

5.2 Sáttamiðlarinn skipuleggur feril sáttamiðlunar í samráði við aðila.

5.3 Sáttamiðlari stýrir sáttafundi.

5.4 Aðilum ber sjálfum að mæta á sáttafund. Þeir, sem mæta fyrir hönd lög- aðila eða annarra, skulu hafa formlegt umboð til að leiða ágreiningsefni aðila til lykta.

5.5 Aðilum er heimilt að hafa ráðgjafa með sér á sáttafundum, nema samið sé um aðra tilhögun. Sáttamiðlari kannar, fyrir upphaf sáttamiðlunar, hvort aðilar ætla að mæta með ráðgjafa og lætur gagnaðila vita af því. Öðrum er einungis heimilt að sitja sáttafundi með samþykki aðila og sáttamanns. Meðan sáttamiðlun stendur hafa aðilar rétt til að ráðfæra sig við ráðgjafa, hvort sem þeir eru á staðnum eða ekki.

5.6 Sáttamiðlari leitast við að upplýsa hvers eðlis ágreiningur aðila er, hver- jir eru hagsmunir þeirra og þarfir, og hann aðstoðar þá við að koma sjálfir með tillögur að lausn ágreiningsins.

5.7 Sáttamiðlari getur haldið sameiginlegan fund með aðilum, eða einkafun- di með hverjum fyrir sig. Þegar einkafundir eru haldnir er sérstaklega samið um og ákveðið, hvaða upplýsingar sáttamiðlara er heimilt að bera á milli aðila.



SAMNINGUR UM SÁTTAMIÐLUN

- 5.8 Aðilum er ljóst, að sáttamiðlara ber ekki skylda til að grípa inn í, ef aðilar finna lausn á deilu sinni, sem er frábrugðin því, sem líklegt er, að yrði niðurstaða dómstóls eða stjórnvalds. Einnig, að sáttamiðlara er ekki skylt að tjá sig um sterka og veika þætti í málflutningi aðila.
- 5.9 Aðilar hafa kynnt sér siðareglur sáttamiðlara, sem eru fylgiskjal með samningi þessum.
- 5.10 Sáttamiðlun lýkur annaðhvort með því, að aðilar semja um lausn á ágrein-
ingi sínum, eða aðili eða sáttamiðlari óskar eftir að slíta sáttamiðlun-
inni.

6. Þóknun sáttamiðlara og kostnaður við sáttamiðlun

- 6.1 Aðilar skipta með sér til helminga greiðslu á þóknun sáttamiðlara og kostnaði í tengslum við sáttamiðlunina. Umsamin þóknun og kostnaður er í samræmi við fylgiskjal með samningi þessum.
- 6.2 Áður en sáttamiðlunin hefst skulu aðilar, hvor um sig, leggja fram staðfestingargjald, skv. áætlun í fylgiskjali. Ekki er hægt að líta á áætlunina sem vísbendingu um endanlegan heildarkostnað við sáttamiðlunina.

7. Annað - sérstaklega umsamið

Staður og dagsetning

Aðili

Aðili

Sáttamiðlari